

STAÐA UMBÓTA Í FEBRÚAR 2023

Umbótaáætlun Varmárskóla/Kvíslarskóla

Í kjölfar ytra mats

Menntamálastofnunar desember 2019

FEBRÚAR 2023



Þetta er stöðuskýrsla á umbótaáætlun Varmárskóla í febrúar 2023

©Varmárskóli
Febrúar 2023

Varmárskóli
Skólabraut, 270 Mosfellsbæ
Sími 525 0710
www.varmarskoli.is
Virðing - Jákvæðni - Framsækni – Umhyggja

Staða umbóta

Við lok skólaárs 2021 var Varmárskóla skipt formlega í tvær starfseiningar, Varmárskóla með 1.-6. bekk og Kvíslarskóla með 7.-10. bekk. Sú skipting hefur áhrif á eftirfylgni þessarar umbótaáætlunar og því var hún yfirfarin af Þórhildi Elfarsdóttur og Jónu Benediktsdóttur í október 2021. Þær breytingar sem þá voru gerðar eru merktar með **gulri yfirstrikun**. Búið er að bregðast við öllum ábendingum sem fram komu í skýrslu um ytra mat en vegna röskunar á skólastarfi vegna Covid-19 hefur ekki verið hægt að fylgja öllum áætlunum til fulls. Þá hefur uppskipting skólanna einnig haft áhrif á framkvæmd nokkurra þátta í skólastarfinu þar sem uppskiptingin hefur áhrif bæði á skipulag og starfsanda í stofnununum. Þau atriði sem bætt er í skýrsluna núna eru skrifuð með **bláu lettri**.

Jóna Benediktsdóttir, skólastjóri Varmárskóla

Inngangur

Þessi inngangur er gerður við upphaf umbótanna

Haustið 2019 gerðu starfsmenn Menntamálastofnunar, í umboði mennta- og menningarmálaráðuneytis, úttekt á starfsemi Varmárskóla í Mosfellsbæ. Skoðaðir voru eftirtaldir þættir: *stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla, innra mat og að ósk sveitarfélags var fjórði þáttur skólabragur.*

Niðurstöður úttektar voru settar fram í skýrslu sem birt var í janúar 2020. Þar voru dregnir fram styrkleikar í starfi skólans og bent á tækifæri til umbóta. Í þessari samantekt er horft til þeirra atriða sem matsaðilar leggja til að verði skoðaðir frekar og horft til umbóta.

Í kjölfar matsskýrslu Menntamálastofnunar ræddu starfsmenn skólans þá þætti sem lagt er til að verði bættir og komu með tillögur að umbótum. Sett voru fram drög að umbótaáætlun sem fór til kynningar í skólasamfélaginu og er gert ráð fyrir að lokaáætlun verði sett fram í febrúar og fái þá formlega afgreiðslu og samþykki.

Umbótaáætlunin er sett upp í töfluformi. Áætlunin birtist þannig að lengst til vinstri eru umbótaþættir sem lagðir eru til í skýrslu matsaðila. Þar næst eru sett markmið í þeim efnum sem umbótaþátturinn snýr að. Markmiðin eru unnin út frá hugmyndavinnu sem átti sér stað í skólasamfélaginu strax í kjölfar kynningarfunda á niðurstöðum ytra mats, annars vegar á tveimur hugarflugsfundum starfsmanna og hins vegar einum hugarflugsfundi bekkjarfulltrúa og stjórnar foreldrafélagsins (sjá nánar hugarflug í viðauka). Því næst eru markaðar ein eða fleiri leiðir að settu markmiði. Þar á eftir er skilgreindur sá tímarammi sem áætlaður er í hverja setta leið. Tilgreindir eru ábyrgðaraðilar og framkvæmdaraðilar eftir því sem við á hverju

sinni. Þegar rætt er í áætluninni um skólastjóra þá er átt við báða skólastjórana en þegar talað er um skólastjórnendur þá er átt við alla stjórnendur skólans. Í dálki lengst til hægri í umbótaáætlun kemur fram hvenær metið skal hvort markmið hafa náðst og í kjölfar endurmats er sett fram ný umbótaáætlun sem birtist í ársskýrslu við lok hvers skólaárs.

Í kafla um endurmat segir hvernig endurmat er framkvæmt og þar eru tiltekin þau mælitæki/gögn sem stuðst er við til þess að leggja mat á viðkomandi þátt í áætluninni má sjá við hvern endurmatsþátt bókstaf með einum tölustað (líkt og F1 ofl) er það vísan í sjálfsmatslíkan skólans og þar sést hvenær hver matsþáttur er metinn. Sjálfsmatslíkan skólans er sett fram í níu liðum og er líkan skólans að finna aftast í í viðauka.

Í ársskýrslu skólans í lok skólaárs 2019 – 20 og í ársskýrslu skólans við lok skólaárs 2020- 2021 verða gerð skil á stöðu umbóta samkvæmt þessari áætlun.

Í einhverjum tilvikum hafa umbætur þegar verið framkvæmdar og er það þá nefnt í áætluninni.

Í viðauka er einnig að finna verkferil við gerð umbótaáætlunar. Umbótaáætlunin var lögð fram til umsagnar á starfsmannafundi, fundi bekkjarfulltrúa og stjórnar foreldrafélags og fyrir skólaráð.

Varmárskóli þakkar gott samstarf við þá aðila sem stóðu að og framkvæmdu úttektina og þakkar öllum þeim sem komu að gerð umbótaáætlunar. Úttektin er mjög gagnleg fyrir skólastarfið og er hvatning til okkar að gera gott skólastarf enn betra.

Anna Greta Ólafsdóttir
Þórhildur Elfarsdóttir

4

Skólastjórar Varmárskóla

Inngangur vegna viðbóta í janúar 2023

Aðstæður í skólaumhverfis Varmárskóla hafa breyst verulega frá úttekt MMS. Haustið 2021 var skólanum skipt upp í tvær formlegar starfseiningar sem hvor um sig hefur sjálfstæði innan ramma laga og menntastefnu Mosfellsbæjar til að móta sín sérkenni. Mörg þau verkefni sem nefnd eru sem tækifæri til umbóta eru þess eðlis að þau eru ávallt viðvarandi í skólastarfi og því ekki hægt að segja að þeim sé lokið þrátt fyrir að unnið hafi verið með þau á markvissan hátt. Í þessari skýrslu hefur skólastjóri Varmárskóla fyllt inn í dálkinn „staða“ verkefna miðað við lok janúarmánaðar 2023. Til að einfalda yfirllestur eru umbótaþættir skýrslunnar einnig teknir út og gerð grein fyrir núverandi stöðu þeirra í Varmárskóla.

31.janúar 2023

Jóna Benediktsdóttir

Skólastjóri Varmárskóla

Útdráttur, staða umbóta verkefna í lok janúar 2023

Stjórnun og fagleg forysta, tækifæri til umbóta

- Móta þarf stefnu og sérstöðu skólans í samráði og samstarfi við alla hagsmunaaðila.

Á haustönn voru haldnir stefnumótunarfundir með starfsmönnum, nemendum og foreldrum. Á fundunum var lagður grunnur að stefnu Varmárskóla á grundvelli laga um grunnskóla, grunnþátta menntunar og menntastefnu Mosfellsbæjar. Allir starfsmenn skólans tóku þátt í vinnunni, hluti nemenda úr 5. og 6. bekk og öllum foreldrum var boðið til samráðs og um 40% þeirra tóku þátt. Unnið var út frá ákveðnum grundvallarspurningum og niðurstöður svo nýttar til að móta stefnu skólans sem er nú tilbúin og verður birt í skólanámskrá fyrir upphaf næsta skólaárs.

- Gæta þarf þess að allir hagsmunaaðilar skólasamfélagsins hafi rödd og komi að samstarfi og ákvarðanatöku í skólasamfélaginu í samræmi við lög og reglugerðir. Þessu umbótaatriði er lokið. Skólaráð Varmárskóla er virkt og haldinn hefur verið samráðsfundur með foreldrum um stefnu skólans. Foreldrafélagið dyggasti stuðningsaðili skólans og fundað er reglulega með stjórn þess. Tölvupóstum er jafnan svarað samdægurs eða í síðasta lagi næsta dag eftir að þeir berast.

- Móta þarf heildstæða, sérstaka skólanámskrá þar sem fram kemur stefna skólans og nánari útfærsla á aðalnámskrá grunnskóla um markmið, inntak náms og námsmat, starfshætti og mat á árangri og gæðum skólastarfs.

Skólanámskrá Varmárskóla er á lokametrum. Stefna skólans er tilbúin og samþykkt af hagsmunaaðilum og verið er að lesa yfir áætlanir sem birta á í skólanámskránni. Skólanámskráin verður tilbúin til birtingar fyrir upphaf skólaársins 2023-2024.

- Endurskoða og uppfæra þarf heimasíðuna með það í huga að gera hana skýrari og aðgengilegri.

Gera á nýjar heimasíður fyrir alla skóla Mosfellsbæjar í einu sameiginlegu verkefni, sem hefur því miður tafist, og því er ekki komin ný heimasíða fyrir Varmárskóla.

- Vinna þarf markvisst að því að starfsmannahópurinn verði ein liðsheild í einum skóla.

Þetta verkefni er ekki lengur viðeigandi í ljósi uppskiptingar skólanna, en unnið er með liðsheild í skólanum.

- Skoða þarf og móta betur skipulag skólastarfsins í heild og vinna markvisst að því að mynda samfellu náms og kennslu í yngri og eldri deild.

Þessu verkefni telst lokið en samstarf skólanna er þó ávallt í stöðugri endurskoðun. Upplýsingar um tilhögun náms birtast í skólanámskrá.

- Mikilvægt er að unnið verði markvisst með niðurstöður foreldrakönnunar í fullu samstarfi við alla hagsmunaaðila til að bæta og þróa jákvæð samskipti í skólasamfélaginu.

Niðurstöður foreldrakönnunar vorið 2022 benda til þess að foreldrar séu almennt ánægðir með skólann. Einu neikvæðu ábendingarnar sem komu voru um aðstöðu í skólanum og á lóð skólans. Þeim ábendingum hefur verið komið til bæjaryfirvalda sem eru með þær í vinnslu.

Foreldrafélag skólans er dyggasti stuðningsaðili skólastarfsins og sýnir það í verki með margvíslegum hætti.

- Mikilvægt er að stjórnendur svari erindum foreldra eins fljótt og auðið er og að ábendingar og tillögur þeirra séu teknar til skoðunar.

Þessu viðfangsefni er lokið. Sett hefur verið ákveðið verklag um hvernig svara skuli tölvupóstum sem sendir eru á marga viðtakendur.

- Mikilvægt er að fá aðstoð utanaðkomandi aðila til að vinna að bættum samskiptum í skólasamfélaginu og byggja upp traust á milli hagsmunaaðila.

Samskipti hagsmunaaðila eru góð í Varmárskóla, fundað er reglulega með stjórn foreldrafélags og skólaráði og þessir aðilar eru upplýstir um helstu viðfangsefni í skólanum á hverju tímabili

- Bæta þarf fundaskipulag skólaráðs, senda gögn til fulltrúa í ráðinu fyrirfram ef hægt er eða afhenda á fundum og gefa tíma til skoðanaskipta og virkrar þátttöku fulltrúa.

Fundað er reglulega í skólaráði, dagskrá er ákveðin að hausti og gott samráð er um viðfangsefni.

- Tryggja þarf að fulltrúar nemenda í skólaráði sitji í tvö ár eins og reglugerð gerir ráð fyrir.

Í Varmárskóla, sem aðeins hefur 1.-6.bekk, munu fulltrúar nemenda aðeins sitja eitt ár í skólaráði sökum ungs aldurs.

- Móta og skrá verklag um hvernig gögn um árangur, framfarir og líðan nemenda eru nýtt við skipulag kennslu og til að bæta árangur og líðan nemenda.

Í Varmárskóla eru haldnir reglulegir bekkjarfundir í öllum bekkjum, tengslakannanir gerðar tvisvar á ári og skólinn tekur þátt í nemendakönnun Skólapúls. Í lestrarstefnu skólans kemur fram hvernig unnið er með niðurstöður lesfimiþrófa og verið er að móta verklag við vinnu með niðurstöður Talnalykils. Nemendaping eru haldin árlega í samvinnu við FMOS. Niðurstöður þessara athugana liggja til grundvallar skipulagi á bekkjarstarfi og lífsleiknivinnu með nemendum. Unnið er með metanleg hæfniviðmið aðalnámskrár í öllum námsgreinum, árangur skráður í mentor, þetta verklag er skráð í starfsáætlun og kennsla er almennt skipulögð út frá niðurstöðum úr námsmati. Þá nýta kennarar sér í auknum mæli aðferðir leiðsagnarnáms við skipulag vinnu sinnar með nemendum.

- Tryggja þarf kennurum ráðgjöf og leiðbeiningar til að nýta niðurstöður og gögn.

Haldin hafa verið námskeið fyrir kennara til að auðvelda þeim að nýta skráningarkerfið mentor fyrir námsframvindu nemenda. Þá hafa verið gerðar skýrar áætlanir um

hvernig skuli nýta niðurstöður lesfimiþrófa og verið er að innleiða skimanir í stærðfræði með sama hætti.

- Gæta þarf að því að verktökum sem koma að skólastarfinu séu kynnt lög um persónuvernd og trúnað.

Lokið

• Móta þarf markvisst ferli hvað varðar leiðsögn og endurgjöf stjórnenda til kennara og starfsmanna til að þróa og bæta nám, kennslu og líðan nemenda. Skólastjórnendur í Varmáarskóla heimsækja allar kennslustofur með markvissum hætti nokkrum sinnum á hverri önn og eru því vel upplýstir um viðfangsefni kennara og eiga við þá samtöl um starfsaðferðir og vinnulag. Skólastjórnendur halda skrá yfir þessar heimsóknir og formleg starfsmannasamtöl eru tvisvar á hverjum vetri.

- Veita nýliðum í kennslu markvissa faglega leiðsögn.

Nýliðar fá leiðsagnarkennara sem yfirleitt starfar í sama teymi. Í vinnslu er handbók starfsmanna Varmáarskóla með hagnýtum upplýsingum um verklag og skólastarfið í heild.

- Leggja þarf fram ítarlegri starfsþróunaráætlun með markmiðum, leiðum og mati á árangri.

Starfsþróunaráætlun Varmáarskóla er tilbúin og verður birt í skólanámskrá og starfsáætlun.

- Birta upplýsingar um þróunarverkefni þar sem kemur fram verklag, ábyrgð og umsjón.

Ekki er sérstakt þróunarverkefni í gangi í Varmáarskóla en unnið er að mörgum umbótaverkefnum í tengslum við innra mat og starfsáætlanir hvers árs.

- Vinna með stefnu skólans og sveitarfélagsins um heilsueflandi samfélag og kynna fyrir öllum hagsmunaaðilum.

Stefna skólans, sem unnin var í samráði hagsmunaaðila, er tilbúin og samþykkt. Hún mun verða birt með formlegum hætti í skólanámskrá fyrir skólabyrjun haustið 2023.

Nám og kennsla, tækifæri til umbóta

- Semja og birta skólanámskrá fyrir Varmáarskóla þar sem fram kemur hvernig skólinn hyggst útfæra stefnu aðalnámskrár og skólastefnu Mosfellsbæjar.

Skólanámskrá er á lokametrum, stefna skólans, sem endurspeglar nýja menntastefnu Mosfellsbæjar og Aðalnámskrá grunnskóla er tilbúin.

- Birta í skólanámskrá hvernig grunnþættir koma fram í námi og kennslu og hvernig unnið er að lykilhæfni.

Kemur fram í nýrri skólanámskrá Varmáarskóla

- Gera grein fyrir námsaðlögun í skólanámskrá/kennsluáætlunum þannig að fram komi hvernig unnið er í getuskiptum hópum.

Gerð hefur verið heildaráætlun um sértækan stuðning í Varmárskóla þar sem þessi atriði koma fram. Áætlunin verður birt í skólanámskrá.

- Styrkja þarf stoðþjónustu í yngri deild skólans og efla samráð við foreldra um lausn mála.

Við innleiðingu farsældarlagu hafa orðið gagngerar breytingar á skipulagi stoðþjónustu hjá Mosfellsbæ. Búið er að innleiða stigskipta þjónustu í skólanum og skráningar á formleg eyðublöð þar sem ávalt er haft samráð við foreldra um viðameiri inngrip.

- Vinna þarf áfram markvisst að því að bæta námsárangur nemenda og gera átak til að bæta lestrargetu í eldri deild.

Gerð hefur verið áætlun um notkun niðurstaðna lesfímiprófa. Sérkennarar og umsjónarkennarar skipuleggja inngrip miðað við niðurstöður út frá skilgreindum viðmiðum skólans.

- Auka þarf fjölbreytni í námi og kennsluháttum og leggja áherslu á að leiðir sem vekja áhuga nemenda og virkja þá til þátttöku.

Allar kennsluáætlanir eru tengdar hæfniviðmiðum í mentor. Innleitt hefur verið áhugasviðsverkefni í 5. og 6. bekk. Kennarar eru að kynna sér og innleiða leiðsagnarnám í kennslu sína og leggja áherslu á kynna nemendum marmkið og leiðir til að nám þeim. Lögð er áhersla á verkefnaþaða vinnu, tæknikennsla hefur verið eflað og innleiddar valvikur í verkgreinum.

- Auka áherslu á samvinnu nemenda, umræður og skoðanaskipti í námi.

Gerðir eru bekkjarsáttmálar í öllum bekkjum sem svo eru endurmetnir á miðju ári. Haldnir eru reglulegir bekkjarfundir í öllum bekkjum og nemendaþing með þátttöku allra nemenda í 5. og 6. bekk að minnsta kosti einu sinni á ári. Í tengslum við innleiðingu leiðsagnarnáms hefur áhersla á samvinnu í námi aukist sem felur í sér aukin skoðanaskipti nemenda

- Kenna nemendum að setja sér markmið í námi og fylgja því eftir að nám sé við hæfi hvers og eins.

Unnið með markvissum hætti í tengslum við innleiðingu leiðsagnarnáms í Varmárskóla.

- Skapa aðstæður til að nemendur geti nýtt upplýsingatækni í námi sínu.

Tækjakostur Varmárskóla hefur verið eflaður verulega og aukin áhersla sett á stuðning við kennara til að nýta tækni betur í kennslu. Hafin er innleiðing á google-classroom í 5. og 6. bekk og tekin hefur verið upp forritunarkennsla. Þá er einnig aukin áhersla á nýsköpun í tengslum við tækninotkun.

- Efla á ný útikennslu sem lið í námi nemenda.

Markviss og skipulögð útikennsla, sem tengd er öðru námi nemenda, er skilgreind í stundatöflu er í 4.- 6.bekk í Varmárskóla. Útikennsla í yngri árgöngum er skipulögð af umsjónarkennurum eftir aðstæðum hverju sinni.

- Tryggja að tími í list- og verkgreinum og valgreinum í unglingsdeild sé í samræmi við viðmið í aðalnámskrá.

Þetta er tryggt í Varmárskóla, nemendur á yngsta stigi, 1.-4. bekkur, fá 160 mínútur á viku í list- og verkgreinar og nemendur í 5. og 6.bekk fá 240 mínútur í list- og verkgreinum.

- Auka val nemenda um viðfangsefni, námsaðferðir og námsstíl.

Í tengslum við innleiðingu leiðsagnarnáms, áhugasviðsverkefna, valvika í verkgreinum og eflingu á notkun upplýsingatækni í kennslu hefur val nemenda um viðfangsefni og leiðir stóraukist í Varmárskóla.

- Þjálfa nemendur í að meta eigið nám og framfarir.

Í tengslum við innleiðingu leiðsagnarnáms fá nemendur aukna þjálfun í að meta eigin vinnu í tengslum við þau markmið sem þeir setja sér og fyrirmyndarverkefni sem kynnt eru af kennurum.

- Veita nemendum tækifæri til að tjá sig um skipulag náms og skólastarfs, m.a. með þátttöku í reglulegum könnunum.

Nemendaping eru haldin árlega í Varmárskóla og bekkjarrfundir reglulega í öllum árgöngum. Nemendur hafa greiðan aðgang að kennurum og skólastjórnendum með hugmyndir sínar. Þá tekur skólinn einnig þátt í nemendakönnunum Skólapúlsins þar sem nemendum gefst tækifæri til að tjá sig um líðan sína og skólastarfið.

- Nota *Uppeldi til ábyrgðar* markvisst í starfi og samskiptum.

Gerð hefur verið sérstök samskiptaáætlun í Varmárskóla þar sem verkefni árganga í tengslum við samskipti og líðan eru skilgreind eftir mánuðum. Sérstök áhersla er á verkefni tengd Uppeldi til ábyrgðar. Áætlunin er birt í starfsáætlun og verður einnig birt í skólanámskrá.

- Þjálfa nemendur til þátttöku í nefndum og ráðum.

Nemendur Varmárskóla eiga fulltrúa í skólaráði og móta saman margvíslegar reglur á áhersluatriði í skólastarfinu í gengum vinnu við bekkjarsáttmála, mat á þeim og tillögur til úrbóta ef þarf.

Innra mat, tækifæri til umbóta

- Mikilvægt er að skipa matsteymi með fulltrúum stjórnenda, kennara, annarra starfsmanna, nemenda og foreldra.

Matsteymi Varmárskóla er virkt og gert er ráð fyrir tíma í skipulagi skólaársins til að sinna matsverkefnum. Foreldrar eiga ekki fulltrúa í matsteyminu enda gert ráð fyrir að það vinni á skólatíma. Foreldrar hafa þó aðkomu að mati á skólastarfinu gegnum foreldrakannanir Skólapúlsins og reglulegt samráð stjórnenda og stjórnar foreldrafélags. Nemendur eiga ekki fulltrúa í matsteymi skólans en þeir meta sína bekkjarsáttmála með vinnu sambærilegri vinnu með Gæðagreina og taka þátt í margvíslegum könnunum um skólastarfið.

- Móta þarf formlegar og skráðar gagnaöflunarleiðir og matstæki sem unnið er eftir.

Í Varmárskóla hefur verið ákveðið að nota Gæðagreina sem meginverkfæri við innra mat. Matsáætlun til fimm ára liggur fyrir og er birt bæði í starfsáætlun og skólanámskrá. Allir starfsmenn taka þátt í matinu. Þá eru upplýsingar úr könnunum og umræðufundum nemenda einnig mikilvægir þættir í heildarmati skólans. Gerð er umbótaáætlun á hverju ári. Þau verkefni sem þar eru skilgreind verða að áhersluatriðum í starfsáætlunum skólans.

- Tengsl matsins við markmið skólastarfsins þurfa að vera skýrari.

Í matsáætlun Varmárskóla er gert ráð fyrir að umbótaþættir hvers árs verði ráðandi í næstu starfsáætlun. Með áætlun til fimm ára ættu öll meginverkefni skólastarfsins að fá mat með reglubundum hætti og jafnfram umbótaáætlun ef ástæða er til.

- Vinna þarf kafla í skólanámskrá um innra matið.

Þessu verkefni er lokið, matsáætlun til fimm ára liggur fyrir og unnið hefur verið samkvæmt henni frá skólaárinu 2021-2022.

- Skilgreina þarf verkefni og leiðir til umbóta á grunni greininga og samræðna allra hagsmunaaðila.

Verkefni eru skilgreind á grundvelli innra og ytra mats og umbótaáætlanir gerðar og birtar í starfsáætlun, einnig er umbótaáætlun hvers árs höfð sýnileg á kaffistofu starfsmanna.

- Móta þarf tímasetta umbótaáætlun þar sem markmið og viðmið um árangur eru skilgreind.

Verkefni eru skilgreind á grundvelli innra og ytra mats og umbótaáætlanir gerðar. Í umbótaáætlunum eru viðmið um árangur skilgreind.

- Í umbótaáætlun þarf að koma fram hverjir bera ábyrgð á verkefnum svo og hvenær og hvernig árangur verður metinn. Kemur fram í umbótaáætlunum.

Skólabragur, tækifæri til umbóta

- Nýta stefnuna *Uppeldi til ábyrgðar* til að samræma hvernig unnið er að samskiptum og agamálum í skólanum. Í Varmárskóla hefur verið gerð sérstök áætlun um samskipti þar sem verkefnum árganga er skipt niður á mánuði. Einnig hafa verkferlar vegna agamála verið endurskilgreindir og eru birtir í starfsáætlun.
- Nýta reglubundnar kannanir til að fylgjast með líðan nemenda, birta niðurstöður og fylgja þeim eftir. Nemendur taka þátt í könnunum Skólapúlsins, tengslakannanir eru gerðar tvisvar á ári, nemendabing eru haldin í það minnsta árlega og bekkjarfundir með reglulegum hætti í hverjum bekk. Unnið er með niðurstöður úr þessum verkþáttum og þeir endurmetnir með reglulegum hætti.
- Vinna markvisst með niðurstöður kannana sem benda til þess að stríðni og einelti viðgangist í ákveðnum árgöngum. Unnið er með niðurstöður úr öllum könnunum í skólanum og nemendur virkjaðir í gerð umbótaáætlana í tengslum við endurmat á bekkjarsáttmálum í hverjum bekk.
- Gera verkferla um viðbrögð þegar vísbendingar eru um að nemendur búi við ofbeldi. Með innleiðingu farsældarlaga er ákveðið skipulag á allri vinnu nemendamála sem einnig nær til þess ef slíkar vísbendingar eru uppi.
- Þjálfa nemendur markvisst í lýðræðislegum vinnubrögðum, samræðum og samvinnu. Í tengslum við lýðræðisþjálfun eru haldnir bekkjarfundir, gerðir bekkjarsáttmálar sem síðar eru endurmetnir og nemendur gera áætlun um umbætur. Þá eru einnig haldin nemendabing í samstarfi við FMOS.
- Koma á bekkjarfundum í öllum árgöngum. Lokið, Uppbyggingarstefna er virk í öllum árgöngum og reglulegir bekkjarfundir haldnir.
- Brýnt er að hlustað sé á fulltrúa foreldra og þeir hafi rödd í skólaráði og foreldrafélagi.

Lokið, samstarf við foreldrafélag og skólaráð er gjög gott.

- Tryggja að nemendur í vanda eigi greiðan aðgang að úrræðum í skólanum og foreldrar séu með í ráðum þegar leitað er lausna.

Starfshlutfall námsráðgjafa í Varmárskóla hefur verið aukið, ávalt er haft samráð við foreldra um máefni barna nema ef barnaverndarlög kalla á annað.

- Ráða þarf bráðan bug á samskiptavanda sem ríkir milli hóps foreldra, stjórnenda og skólayfirvalda.

Lokið, samstarf við foreldrafélag og skólaráð er gjög gott.

Á grundvelli þessarar yfirferðar má sjá að unnið er með markvissum hætti að öllum þeim verkefnum sem nefnd voru sem tækifæri til umbóta í Varmárskóla.

Mynd matsþátta fyrir Varmárskóla

LITAPRÓFILL SKÓLANS

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Samvirkni í stefnumótun	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Faglegt samstarf og samræða	Starfsmanna-stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námssvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í samfélaginu	Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðing breytinga				

MYND 1: LITAPRÓFILL VARMÁRSKÓLA Í SKÝRSLU MENNTAMÁLASTOFNUNAR, 2019

Grænt: Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.

Græn/gult: Gott verklag, margir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.

Gult: Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.

Rautt: Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum.

Stjórnun og fagleg forysta

Styrkleikar

- Starfsáætlun skólans fyrir 2019 -2020 er samkvæmt viðmiðum aðalnámskrár.
- Námskrár fyrir árganga og námsgreinar eru í samræmi við stefnu aðalnámskrár og grunnþættir menntunar koma þar fram.
- Fagleg samræða um nám og kennslu fer fram á vikulegum faggreina- og árgangafundum auk kennarafunda.
- Starfsþróunarsamtöl eru árleg og starfsmenn fá svigrúm til starfsþróunar.
- Niðurstöður um árangur og framfarir nemenda eru skráðar í Mentor.
- Um 78% foreldra telja að barni þeirra líði vel í skólanum.
- Skýrar upplýsingar um foreldrafélag og skólaráð, hlutverk, starfsemi og fundargerðir er að finna í starfsáætlun og á heimasíðu skólans.
- Samstarf er við félagsmiðstöð, leikskóla, aðra grunnskóla, framhaldsskóla og grenndarsamfélagið.
- Í sjálfsmatsskýrslu og á heimasíðu skólans má finna helstu upplýsingar um skólastarfið ásamt niðurstöðum prófa og kannana.
- Skóladagar nemenda eru samkvæmt viðmiðum aðalnámskrár.
- Heimasíða skólans er virk og inniheldur í meginatriðum réttar og hagnýtar upplýsingar.
- Skólastjórnendur og sveitarstjórn fylgjast með því að aðbúnaður skóla sé öruggur og unnið er að úrbótum.
- Ábyrgðar- og verkaskipting skólastjórnenda er skýr og skráð í starfsáætlun.
- Stuðlað er að jákvæðum samskiptum í starfsmannahópnum.
- 67% starfsmanna segjast fá hrós og hvatningu frá samstarfsmönnum, foreldrum og stjórnendum.
- Starfsmannahandbók Mosfellsbæjar er ítarleg.
- Starfsmenn njóta trausts og hafa umboð til starfa.

Tækifæri til umbóta

- Móta þarf stefnu og sérstöðu skólans í samráði og samstarfi við alla hagsmunaaðila.
- Gæta þarf þess að allir hagsmunaaðilar skólasamfélagsins hafi rödd og komi að samstarfi og ákvarðanatöku í skólasamfélaginu í samræmi við lög og reglugerðir.
- Móta þarf heildstæða, sérstaka skólanámskrá þar sem fram kemur stefna skólans og nánari útfærsla á aðalnámskrá grunnskóla um markmið, inntak náms og námsmat, starfshætti og mat á árangri og gæðum skólastarfs.
- Endurskoða og uppfæra þarf heimasíðuna með það í huga að gera hana skýrari og aðgengilegri.
- Vinna þarf markvisst að því að starfsmannahópurinn verði ein liðsheild í einum skóla. **Aðrar forsendur núna.**
- Skoða þarf og móta betur skipulag skólastarfsins í heild og vinna markvisst að því að mynda samfellu náms og kennslu í yngri og eldri deild. **Milli skóla.**
- Mikilvægt er að unnið verði markvisst með niðurstöður foreldrakönnunar í fullu samstarfi við alla hagsmunaaðila til að bæta og þróa jákvæð samskipti í skólasamfélaginu.
- Mikilvægt er að stjórnendur svari erindum foreldra eins fljótt og auðið er og að ábendingar og tillögur þeirra séu teknar til skoðunar.
- Mikilvægt er að fá aðstoð utanaðkomandi aðila til að vinna að bættum samskiptum í skólasamfélaginu og byggja upp traust á milli hagsmunaaðila.
- Bæta þarf fundaskipulag skólaráðs, senda gögn til fulltrúa í ráðinu fyrirfram ef hægt er eða afhenda á fundum og gefa tíma til skoðanaskipta og virkrar þátttöku fulltrúa.
- Tryggja þarf að fulltrúar nemenda í skólaráði sitji í tvö ár eins og reglugerð gerir ráð fyrir.
- Móta og skrá verklag um hvernig gögn um árangur, framfarir og líðan nemenda eru nýtt við skipulag kennslu og til að bæta árangur og líðan nemenda.
- Tryggja þarf kennurum ráðgjöf og leiðbeiningar til að nýta niðurstöður og gögn.
- Gæta þarf að því að verktökum sem koma að skólastarfinu séu kynnt lög um persónuvernd og trúnað.
- Móta þarf markvisst ferli hvað varðar leiðsögn og endurgjöf stjórnenda til kennara og starfsmanna til að þróa og bæta nám, kennslu og líðan nemenda.
- Veita nýliðum í kennslu markvissa faglega leiðsögn.
- Leggja þarf fram ítarlegri starfsþróunaráætlun með markmiðum, leiðum og mati á árangri.
- Birta upplýsingar um þróunarverkefni þar sem kemur fram verklag, ábyrgð og umsjón.
- Vinna með stefnu skólans og sveitarfélagsins um heilsuefandi samfélag og kynna fyrir öllum hagsmunaaðilum.

Í neðangreindri umbótaáætlun sem lítur að stjórnun og faglegri forystu eru teknir fyrir allir þeir 19 þættir sem tilteknir eru sem tillögur að umbótaþáttum í ytra mats skýrslu Menntamálastofnunar.

1 STJÓRNUN OG FORYSTA

1.1 UMBÓTAÞÁTTUR	Markmið	Aðgerðir til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Staða	Endurmat – F1
Móta þarf stefnu og sérstöðu skólans í samráði og samstarfi við alla hagsmunaaðila.	Fullmótuð raunhæf skólastefna sem lýsir sérstöðu skólans og markmiðum skólastarfsins í samræmi við skólastefnu Mosfellsbæjar.	Stefnumótun: Þrír hugarflugsfundir. ¹ Stefnumótunarhópur. ² Innleiðing og framkvæmd stefnu: Stefnumótunarhópur setur upp innleiðingaráætlun Áætlun kynnt á starfsdögum ³ fyrir öllu starfsfólki. Tekin fyrir á skólaþingi Varmarskóla að hausti 2020.	Stefnumótun: Janúar 2020. Innleiðing og framkvæmd stefnu: Ágúst 2020.	Stefnumótun: Ágúst 2020. Innleiðing og framkvæmd stefnu: September 2020.	Stefnumótun: Skólastjórar. Formaður stefnumótunarhóps. Stefnumótunarhópur Innleiðing og framkvæmd stefnu: Skólastjórar. Formaður stefnumótunarhóps. Stefnumótunarhópur	Breytt staða Verið að vinna í mótun sérkenna tveggja skóla. Sú vinna komin vel á veg og verður kláruð á starfsdögum í vor. Innleiðing og framkvæmd hefst haustbyrjun 2021 í nýjum skólum. Á haustönn voru haldnir stefnumótunarfundir með starfsmönnum, nemendum og foreldrum. Á fundunum var lagður grunnur að stefnu Varmarskóla á	tefnumótun: Skoða stefnuskjalið sjálfst. Skoða ferlið og skoða virkni stefnumótunarahóps. Innleiðing og framkvæmd stefnu: Fara yfir stefnuna/sérstöðuna í rýnihópum. ⁴ Spyrja út í stefnuna/sérstöðuna í foreldrakönnun annars vegar og starfsmannakö

¹ Hugarflugsfundir: Haldnir þrír hugarflugsfundir, tveir fyrir starfsfólk og einn fyrir bekkjarfulltrúa og stjórn foreldrafélagsins.

² Stefnumótunarhópur: Allir stjórnendur skólans ásamt fjórum kennurum. Hópurinn skipuleggur og tímasetur vinnuna og fundi með hagsmunaaðilum.

³ Starfsdögum: Tekið fyrir á fundum, 20. - 21. ágúst 2020.

⁴ Rýnihópar: Áætlaðir tveir, fimm manna rýnihópar, annars vegar skipaður nemendum og hins vegar skipaður starfsfólki.

						grundvelli laga um grunnskóla, grunnþátta menntunar og menntastefnu Mosfellsbæjar. Allir starfsmenn skólans tóku þátt í vinnunni, hluti nemenda úr 5. og 6. bekk og öllum foreldrum var boðið til samráðs og um 40% þeirra tóku þátt. Unnið var út frá ákveðnum grundvallarspurningum og niðurstöður svo nýttar til að móta stefnu skólans sem er nú tilbúin.	nnun hins vegar.
1.2 UMBÓTAÞÁTTUR	Markmið	Aðgerðir til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Staða	Endurmat – Á8
Gæta þarf þess að allir hagsmunaaðilar skólasamfélagsins hafi rödd og komi að samstarfi og ákvarðanatöku í skólasamfélaginu í samræmi við lög og reglugerðir.	Upplifun allra aðila skólasamfélagsins í Varmárskóla er sú að á þá sé hlustað, þrátt fyrir að vilji fólks verði ekki alltaf fyrir valinu. Við skólann starfar virkt	Ábendingahnappur: Setja ábendingarhnapp á heimasíðu skólans þar sem koma má tillögum á framfæri. Skipurit:	Áb.hnappur: Febrúar 2020. Skipurit: Febrúar 2020.	Áb.hnappur: Febrúar 2020. Skipurit: Febrúar 2020.	Áb.hnappur: Skólastjórar. Skipurit: Skólastjórar.	Breytt staða Gamla síðan hentar illa í þetta. Verið er að vinna í uppsetningu nýrrar síðu. Sýnilegt skipurit er að finna í nýrri og	Áb.hnappur: Skoða hvort ábendingahna ppurinn sé til staðar. Skoða notkunina. Skipurit:

	<p>skólaráð sem fjallar um öll þau mál sem skólaráði er ætlað að fjalla um samkvæmt lögum og reglugerð þar um.</p>	<p>Hafa skýrt og aðgengilegt skipurit þar sem fólk getur séð hvert það á að leita með málefni sín.</p> <p>Skólaráð: Við skólann starfar skólaráð sem setur sér starfsáætlun í upphafi hvers skólaárs.</p>	<p>Skólaráð: Lokið.</p>	<p>Skólaráð: Lokið.</p>	<p>Skólaráð: Skólastjórar.</p>	<p>uppfærðri starfsáætlun skólans.</p> <p>Gert ráð fyrir að það verði sýnilegt, myndrænt og skýrt á nýrri heimasíðu</p> <p>Lokið. Sett var starfsáætlun á fyrsta fundi (sem riðlaðist vegna covid. Haldnir hafa verið 6 fundir. Búið er að útbúa gátlista skólaráðs.</p> <p>Stofnað hefur verið foreldrafélag við báða skólana og skipa skólaráð, í skólaráði eiga allir hagsmunaaðilar fulltrúa.. Á hvorri önn munu skólastjórar fundast tvisvar með skólaráðum og stjórn foreldrafélaga. Á fundunum verður farið yfir helstu</p>	<p>Fara yfir skipuritið og skoða hvar það er sýnilegt. Spurt í foreldra- og starfsmannakönnun hvort foreldrar/starfsmenn þekki skipurit skólans og helstu hlutverkaskipan.</p> <p>Skólaráð: Fara yfir starfsáætlun skólaráðs. Fara yfir gátlista⁵ á skólaráðsfundi .</p>
--	--	--	------------------------------------	------------------------------------	---	--	--

⁵ Gátlisti: Útbúinn verði sérstakur gátlisti um helstu hlutverk og verkefni skólaráðs samkvæmt reglugerð um skólaráð.

						<p>skipulagsatriði skólstarfsins.</p> <p>Ákveðið var að falla frá hugmynd um hnapp á heimsíðu en fólk hvatt til að hafa beint samband við skólann.</p> <p>Nýtt skipurit verður komið á heimasíðu hvors skóla fyrir áramót 21/22. Sjá starfsáætlun.</p> <p>Þessu umbótaatriði er lokið. Skólaráð Varmárskóla er virkt og Foreldrafélagið dyggasti stuðningsaðili skólans. Tölvupóstum er jafnan svarað samdægurs eða í síðasta lagi næsta dag eftir að þeir berast.</p>	
1.3 UMBÓTAÞÁTTUR	Markmið	Aðgerðir til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Staða	Endurmat – F1
Móta þarf heildstæða, sérstaka	Skólanámskrá Varmárskóla gefur góða mynd	Áætlun: Gera áætlun um hvernig kennarar	Áætlun: Mars 2020.	Áætlun: Mars 2020.	Áætlun: Skólastjórar.	Á áætlun Vinnu við gerð nýrrar skólanámskrár komið	Fullbúin skólanámskrá:

<p>skólanámskrá þar sem fram kemur stefna skólans og nánari útfærsla á aðalnámskrá grunnskóla um markmið, inntak náms og námsmat, starfshætti og mat á árangri og gæðum skólastarfs.</p>	<p>að því hvernig námi og kennslu er háttað.</p> <p>Skólanámskrá uppfyllir viðmið aðalnámskrár um innihald.</p>	<p>geta farið yfir alla þætti skólanámskrár á árganga/fagfundum.</p> <p>Vinnan: Tekið fyrir á árganga/fagfundum hvernig viðkomandi þáttur er unnin.</p> <p>Skólanámskrárhópur:⁶ Tekur saman og heldur utan um alla vinnu kennara og setur inn í skólanámskrá.</p> <p>Starfsdagur ⁷, Farið verður yfir alla þætti í núverandi skipulagi náms og þeir skoðaðir út frá nýrri stefnu.</p>	<p>Vinnan: Apríl 2020.</p> <p>Skólanámskrárhópur Ágúst 2020.</p> <p>Starfsdagur: 26. okt. 2020.</p> <p>Fullbúin skólanámskrá: Febrúar 2021.</p>	<p>Vinnan: September 2020.</p> <p>Skólanámskrárhópur Nóvember 2020.</p> <p>Starfsdagur: 26. okt. 2020.</p> <p>Fullbúin skólanámskrá: Febrúar 2021.</p>	<p>Vinnan: Deildarstjórar. Kennarar sjá um framkvæmd.</p> <p>Skólanámskrárhópur Skólastjórar.</p> <p>Starfsdagur: Skólastjórar og skólanámskrárhópur.</p> <p>Fullbúin skólanámskrá:</p>	<p>langt á veg og verður klár fyrir næsta haust. Hefur tafist vegna framkvæmda í og við Kvíslarskóla. Langt komið.</p> <p>Skólaárið 21-22 verður unnið eftir eldri skólanámskrám meðan nýjar skólanámskrár fyrir hvorn skóla eru í vinnslu. Þeirri vinnu skal vera lokið fyrir lok júní 2022.</p> <p>Skólanámskrá Varmárskóla er á lokametrum. Stefna skólans er tilbúin og samþykkt af hagsmunaaðilum og verið er að lesa yfir áætlanir sem birta á í skólanámskránni. Skólanámskráin verður tilbúin til birtingar fyrir upphaf</p>	<p>Rýna í efnisyfirlit og það borið saman við aðalnámskrá. Skólanámskráin rædd í rýnihópum.⁸ Spurt út í skólanámskrá í foreldrakönnun. Tveir þættir valdir af handahófi og skoðaðir af stjórnendum.</p>
--	---	--	---	--	---	--	--

⁶ Skólanámskrárhópur: Skólastjóri, tveir deildarstjórar og sjö kennarar (tveir kennarar frá 1. – 3. bekk, tveir kennarar frá 4. – 6. bekk og þrjú kennarar frá 7. – 10. bekk)

⁷ Starfsdagur: 26. október 2020

⁸ Rýnihópar: Einn rýnihópur kennara og matsteymi skólans.

		Fullbúin skólanámskrá: Námskráin kynnt og birt.			Skólastjórar og skólanámskrárhópur.	skólaársins 2023-2024.	
1.4 UMBÓTAÞÁTTUR	Markmið	Aðgerðir til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Staða	Endurmat – F1
Endurskoða og uppfæra þarf heimasíðuna með það í huga að gera hana skýrari og aðgengilegri.	Skýr, einföld og upplýsandi heimasíða.	Skoða möguleikann á að endurbæta heimasíðu.	Maí 2020.	Júlí 2020.	Skólastjórar Fræðslu- og frístundasvið Mosfellsbæjar.	<p>Í vinnslu hjá Mosfellsbæ ennþá.</p> <p>Samkvæmt áætlun Mosfellsbæjar hefst vinna við gerð nýrra heimasíðna fyrir skóla bæjarins á vorönn 2022. Enn í vinnslu hjá Mosfellsbæ.</p> <p>Gera á nýjar heimasíður fyrir alla skóla Mosfellsbæjar í einu sameiginlegu verkefni sem hefur því miður tafist og því er ekki komin ný heimasíða fyrir Varmárskóla.</p>	Rýnt í nýja heimasíðu. Spyrja í könnunum um viðhorf gagnvart heimasíðunni. ⁹

⁹ Kannanir: Leitast eftir viðhorfi gagnvart endurbættri heimasíðu.

1.5 UMBÓTARÁTTUR	Markmið	Aðgerðir til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Staða	Endurmat – F3
Vinna þarf markvisst að því að starfsmanna-hópurinn verði ein liðsheid í einum skóla.	Skýr sýn á hvernig liðsheidar-fyrirkomulag er ákjósanlegast til árangurs.	Stjórnendur greina stöðuna. Unnin skýrsla um stöðuna og birt í ársskýrslu í lok skólaárs. Athugað með utanaðkomandi greiningaraðila.	Stjórnendur greina stöðuna: Mars 2020. Unnin skýrsla um stöðuna. Apríl 2020. Ath. með utanaðkomandi greiningaraðila. Maí 2020	Stjórnendur greina stöðuna: Mars 2020. Unnin skýrsla um stöðuna. Apríl 2020. Ath. með utanaðk. greiningaraðila. Maí 2020	Stjórnendur greina stöðuna: Skólastjórnendur. Unnin skýrsla um stöðuna. Skólastjórnendur. Ath. með utanaðk. greiningaraðila. Fræðslu- og frístundasvið Mosfellsbæjar	<p>Utan að komandi aðili framkvæmdi úttekt á stjórnskipulagi skólans.</p> <p>Ákvörðun um skiptingu skólans í tvo skóla liggur fyrir.</p> <p>Undirbúningsvinna hafin.</p> <p>Búið er að skipta skólanum í tvær formlegar starfseiningar, Varmárskóla með nemendum 1.-6.bekkjar og Kvíslarskóla með nemendum 7.-10.bekkjar. Unnið er með liðsheid starfsmanna í hvorum skóla fyrir sig.</p> <p>Þetta verkefni er ekki lengur viðeigandi í ljósi uppskiptingar skólanna.</p>	<p>Stjórnendur greina stöðuna: Skoðað hvort matið hefur farið fram.</p> <p>Unnin skýrsla um stöðuna: Rýna í skýrslu og athugað hvort stjórnendamatið sé að finna í ársskýrslu skólaársins.</p> <p>Ath. með utanaðk. greiningaraðila. Þörf á utanaðkomanndi ráðgjöf metin.</p>

1.6 UMBÓTAÞÁTTUR	Markmið	Aðgerðir til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Staða	Endurmat
Skoða þarf og móta betur skipulag skólastarfsins í heild og vinna markvisst að því að mynda samfellu náms og kennslu í yngri og eldri deild.	Góður stígandi í námi.	Sjá umbótaþátt: 1.1 Sjá umbótaþátt: 1.3 Sjá umbótaþátt: 1.5	Sjá umbótaþátt: 1.1 Sjá umbótaþátt: 1.3 Sjá umbótaþátt: 1.5	Sjá umbótaþátt: 1.1 Sjá umbótaþátt: 1.3 Sjá umbótaþátt: 1.5	Sjá umbótaþátt: 1.1 Sjá umbótaþátt: 1.3 Sjá umbótaþátt: 1.5	<p>Hluti af endurgerð nýrrar skólanámskrár sem er komin langt á veg. Lögð áhersla á að skýra út samfellu milli nemenda í 6. og 7. bekk sem munu tilheyra sitthvorum skólanum.</p> <p>Hvor skóli fyrir sig setur upp viðmið náms í sínum námskrám í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla. Öflugt samstarf er milli skólanna vegna skila milli 6. og 7. bekkjar.</p> <p>Þessu verkefni telst lokið en samstarf skólanna er þó ávalt í stöðugri endurskoðun.</p>	Sjá umbótaþátt: 1.1 Sjá umbótaþátt: 1.3 Sjá umbótaþátt: 1.5
1.7 UMBÓTAÞÁTTUR	Markmið	Aðgerðir til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Staða	Endurmat – F1
Mikilvægt er að unnið verði markvisst með	Nýta öll gögn skólanum og	Rýna í foreldrakönnun.	Janúar 2020.	Janúar 2020.	Skólastjórar	lokið	Skoða hvort og hvernig

niðurstöður foreldrakönnunar í fullu samstarfi við alla hagsmunaaðila til að bæta og þróa jákvæð samskipti í skólasamfélaginu.	nemendum til hagsbóta.					<p>Ný foreldrakönnun verður gerð á vorönn 2022. Henni er lokið og næsta könnun verður lögð fyrir vorið 2024.</p> <p>Niðurstöður foreldrakönnunar vorið 2022 benda til þess að foreldrar séu almennt ánægðir með skólann. Einu neikvæðu ábendingarnar sem komu voru um aðstöðu í skólanum og á lóð skólans. Þeim ábendingum hefur verið komið til bæjaryfirvalda sem eru með þær í vinnslu.</p> <p>Foreldrafélag skólans er dyggasti stuðningsaðili skólastarfsins og sýnir það í verki með margvíslegum hætti.</p>	rýnt var í könnun og hvernig hún nýtist til framdráttar.
1.8 UMBÓTAÞÁTTUR	Markmið	Aðgerðir til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Staða	Endurmat – F1
Mikilvægt er að stjórnendur svari	Tölvupóstum og erindum foreldra svarað innan	Sjálfvirk stilling, þess efnis að erindinu verði	Sjálfvirk stilling: Apríl 2020.	Sjálfvirk stilling: Apríl 2020.	Sjálfvirk stilling: Skólastjórar.	Var reynt en hentaði ekki.	Sjálfvirk stilling:

erindum foreldra eins fljótt og auðið er og að ábendingar og tillögur þeirra séu teknar til skoðunar.	fimm virkra daga.	svarað innan fimm virkra daga.				<p>Var lokið, verður breytt með nýjum skólum.</p> <p>Báðir skólar hafa sett sér ákveðnar reglur um hvernig skuli svara tölvupóstum sem sendir eru á marga aðila.</p> <p>Þessu viðfangsefni er lokið.</p>	<p>Farið yfir hvort sjálfvirk stilling sé til staðar.</p> <p>Farið yfir hvernig tölvupósti var svarað í heilan mánuð – handahófskennt hvaða mánuður er valinn.</p> <p>Skipurit og hlutverkaskipting: Sjá umbótaþátt 1.2 skipurit.</p>
1.9 UMBÓTAÞÁTTUR	Markmið	Aðgerðir til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Staða	Endurmat – Á7
Mikilvægt er að fá aðstoð utanaðkomandi aðila til að vinna að bættum samskiptum í skólasamfélaginu og byggja upp traust á	Samskipti starfsfólks og hagsmunaaðila skólans eru í hvívetna málefnaleg og fagleg.	Greina hvaða samskipti þarf að laga og milli hverra. Setja viðmið um góða samskiptahætti ¹⁰ innan	Greina samskipti: Mars 2020. Setja viðmið: Febrúar 2020.	Greina samskipti: Apríl 2020. Setja viðmið: Febrúar 2020.	Greina samskipti: Skólastjórar. Fræðslu- og frístundasvið. Setja viðmið: Skólastjórar.	<p>Var erfitt vegna covid.</p> <p>Frestast fram til haustsbyrjun 2021</p> <p>Lokið</p>	Greina samskipti: Skoða hvort greining hafi farið fram og hvernig hún var framkvæmd. Setja viðmið:

¹⁰ Viðmið um góða samskiptahætti er að finna í stefnu og áætlun skólans um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi.

<p>milli allra hagsmunaaðila.</p>		<p>skólasamfélagsins og horft til gildandi siðareglna.</p> <p>Fylgja alfarið eftir ráðgjöf Menntamálaráðuneytis um að nýta handbók heimilis og skóla til leiðsagnar um boðleiðir í skólasamfélaginu.</p>	<p>Fylgja ráðgjöf MMR: Febrúar 2020.</p>	<p>Fylgja ráðgjöf MMR: Febrúar 2020.</p>	<p>Fylgja ráðgjöf MMR: Skólastjórar.</p>	<p>Boðleiðir í skólunum eru skýrar samkvæmt skipuriti. Samstarf heimila og skóla byrjar vel í báðum skólum. Skólarnir taka þátt í foreldrakönnun Skólapúlsins annað hvert ár og unnið verður með niðurstöður þeirra kannana eftir þörfum.</p> <p>Samskipti hagsmunaaðila eru góð í Varmárskóla, fundað er reglulega með stjórn foreldrafélags og skólaráði og þessir aðilar eru upplýstir um helstu viðfangsefni í skólanum á hverju tímabili.</p>	<p>Skoða hvort viðmið um góða samskipta hætti séu til staðar og hvort þau séu sýnileg og vel kynnt.</p> <p>Fylgja ráðgjöf MMR: Skoðað hvort boðleiðum hefur verið fylgt.</p>
<p>1.10 UMBÓTARÁTTUR</p>	<p>Markmið</p>	<p>Aðgerðir til umbóta</p>	<p>Hvenær hefst</p>	<p>Hvenær lokið</p>	<p>Ábyrgðaraðili/ar</p>	<p>Staða</p>	<p>Endurmat – F1</p>

Bæta þarf fundaskipulag skólaráðs, senda gögn til fulltrúa í ráðinu fyrirfram ef hægt er eða afhenda á fundum og gefa tíma til skoðanaskipta og virkrar þátttöku fulltrúa.	Allir aðilar skólaráðs hafa möguleika á að koma vel undirbúnir til fundar.	Gögn send með fundarboði. ¹¹	Október 2019.	Lokið.	Skólastjórar.	Lokið. fundargerðir sýna virk skoðanaskipti. Öll fundarboð send í upphafi tímabils og hægt að vista í dagatali. Gögn eiga enn til með að berast of seint að mati fulltrúa, verið er að vinna í að bæta það. Lokið. Fundað er reglulega í skólaráði, dagskrá er ákveðin að hausti og gott samráð er um viðfangs efni.	Tekið fyrir á skólaráðsfundi. Skoða fundargerðir.
1.11 UMBÓTAÞÁTTUR	Markmið	Aðgerðir til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Staða	Endurmat – F2
Tryggja þarf að fulltrúar nemenda í skólaráði sitji í tvö ár eins og reglugerð gerir ráð fyrir.	Skólaráð starfar lögum samkvæmt.	Tveir fulltrúar nemenda komi á næsta ári úr 9. bekk og enginn úr 10. bekk Annar yrði til árs og hinn til tveggja ára.	Ágúst 2020.	Ágúst 2021.	Skólastjórar.	Verður gert ágúst 2021 Lokið. Fulltrúar nemenda í skólaráði Kvíslarskóla sitja í tvö ár. Í Varmárskóla, sem aðeins hefur 1.-6.bekk, munu	Skoða hvaða árgangi fulltrúar nemenda í skólaráði tilheyra og hvenær þeir komu inn.

¹¹ Fundarboð skólaráðs sent með viku fyrirvara.

1.12 UMBÓTAPÁTTUR	Markmið	Aðgerðir til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Staða	Endurmat – F2
Móta og skrá verklag um hvernig gögn um árangur, framfarir og líðan nemenda eru nýtt við skipulag kennslu og til að bæta árangur og líðan nemenda.	Umbótamiðað kennarasamfélag þar sem unnið er eftir ákveðnu verklagi við greiningu gagna. ¹²	Umbótamiðað kennarasamfélag: Innleiða ákveðnar aðferðir við mat á gögnum. Ársskýrsla: Ársskýrsla unnin í lok hvers skólaárs þar sem fram koma niðurstöður innra mats ásamt umbótaáætlun. Ársskýrsla birt á heimasíðu. Skólaráð: Niðurstöður kannana og annars mats kynntar á næsta skólaráðsfundi eftir kennarafund.	Umbótamiðað kennarasamfélag: Október 2020. Ársskýrsla: Maí 2020. Skólaráð: Alltaf í gangi.	Umbótamiðað kennarasamfélag: Febrúar 2021. Ársskýrsla: Maí 2020. Skólaráð: Alltaf í gangi.	Umbótamiðað kennarasamfélag: Skólastjórnendur. Ársskýrsla: Skólastjórar. Skólaráð: Skólastjórar.	fulltrúar nemenda aðeins sitja eitt ár sökum ungs aldurs. Innleiðing frestaðist vegna covid Ársskýrsla síðasta skólaárs ekki gerð vegna of mikils álags vegna Covid. Námsárangur liggur ávallt til grundvallar við gerð kennsluáætlana. Líðan nemenda er könnuð með reglubundnum hætti í báðum skólum. Nemendaping eru haldin á hverju ári í báðum skólum, einnig bekkjarfundir. Gerðir eru bekkjarsáttmálar í öllum bekkjum og þeir endurmetnir á	Umbótamiðað kennarasamfélag: Leitast eftir viðhorfi kennara gagnvart aðferðinni í starfsmannakönnun. Ársskýrsla: Ársskýrsla skoðuð. Fundargerðir skólaráðs skoðaðar. Fundargerðir kennarafunda skoðaðar. Skólaráð: Fundargerðir skólaráðs

¹² Umbótamiðað kennarasamfélag (e. Data based Teaching community). Formlegar og fyrirfram ákveðnar leiðir sem kennarar vinna eftir þegar unnið er með niðurstöður gagna.

						<p>miðju skólaári í báðum skólum.</p> <p>.</p> <p>Í Varmárskóla eru haldnir reglulegir bekkjarfundir í öllum bekkjum, tengslakannanir gerðar tvisvar á ári og skólinn tekur þátt í nemendakönnun Skólapúls. Nemendaping eru haldin árlega í samvinnu við FMOS. Niðurstöður þessara athugana liggja til grundvallar skipulagi á bekkjarstarfi og lífsleiknivinnu með nemendum. Unnið er með metanleg hæfniviðmið aðalnámskrár í öllum námsgreinum, árangur skráður í mentor og kennsla skipulögð út frá niðurstöðum úr námsmati. Þá nýta kennarar sér í auknum mæli aðferðir</p>	<p>skoðaðar. Starfsáætlun skólaráðs skoðuð.</p>
--	--	--	--	--	--	---	---

						leiðsagnarnáms við skipulag vinnu sinnar með nemendum.	
1.13 UMBÓTAÞÁTTUR	Markmið	Aðgerðir umbóta til	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Staða	Endurmat
Tryggja þarf kennurum ráðgjöf og leiðbeiningar til að nýta niðurstöður og gögn.	Góðar leiðbeiningar frá skóla til kennara um hvernig skal nýta gögn og niðurstöður sem leiða til betri námsárangurs.	Sjá umbótaþátt 1.12	Sjá umbótaþátt 1.12	Sjá umbótaþátt 1.12	Sjá umbótaþátt 1.12	Haldin hafa verið námskeið fyrir kennara til að auðvelda þeim að nýta skráningarkerfið mentor fyrir námsframvindu nemenda. Þá hafa verið gerðarskýrar áætlanir um hvernig skuli nýta niðurstöður lesfimiþrófa og verið er að innleiða skimanir í stærðfræði með sama hætti.	Sjá umbótaþátt 1.12
1.14 UMBÓTAÞÁTTUR	Markmið	Aðgerðir umbóta til	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Staða	Endurmat – F3
Gæta þarf að því að verktökum sem koma að skólastarfinu séu kynnt lög um persónuvernd og trúnað.	Persónuverndarlögum framfylgt í hvívetna.	Upplýsa þá, sem koma í skólann til vinnu eða annarra verkefna, um eðli starfsemi skóla. Að þeir undirriti trúnaðarskjal hjá við komu í skólann	Janúar 2020.	Lokið.	Ritarar og umsjónarmaður fasteigna.	Lokið	Skoða trúnaðaryfirlýsinguna. Skoða hversu margar trúnaðaryfirlýsingar hafi verið

		og verði merktir á viðeigandi hátt.					undirritaðar. Viðtal við ritara.
1.15 UMBÓTAPÁTTUR	Markmið	Aðgerðir til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Staða	Endurmat – F3
Móta þarf markvisst ferli hvað varðar leiðsögn og endurgjöf stjórnenda til kennara og starfsmanna til að þróa og bæta nám, kennslu og líðan nemenda.	Markviss, endurtekin endurgjöf stjórnenda til kennara og starfsmanna.	<p>Starfsþróunarsamtöl Tekin séu upp snerpuviðtöl.¹³</p> <p>Búið til skipulag: Stjórnendur setji upp skipulag í samvinnu við kennara um reglulegar heimsóknir í kennslustundir þar sem aukin tækifæri gefast til beinnar endurgjafar.</p> <p>Framkvæmd heimsókna.¹⁴</p>	<p>Starfsþróunarsamt.: September 2020.</p> <p>Búið til skipulag: Maí 2020.</p> <p>Framkvæmd heimsókna: Janúar 2021.</p>	<p>Starfsþróunarsamt.: Apríl 2021.</p> <p>Búið til skipulag: Júní 2020.</p> <p>Framkvæmd heimsókna: Mars 2021.</p>	<p>Starfsþróunarsamt.: Skólastjórnendur.</p> <p>Búið til skipulag: Skólastjórnendur.</p> <p>Framkvæmd heimsókna: Skólastjórnendur.</p>	<p>Lokið. Ákveðið að taka ekki snerpuviðtöl vegna Covid heldur nota eitt langt viðtal við alla.</p> <p>Lokið</p> <p>Lokið</p>	<p>Starfsþróunarsamt.: Spurning í starfsmannakönnun, fá upplýsingar frá stjórnendum um framkvæmd starfsmannasamtala.</p> <p>Búið til skipulag: Skoða hvort skipulagið sé til staðar.</p>

¹³ Snerpuviðtöl er fyrirkomulag starfsmannasamtala sem byggir á því að það séu stutt (um 15 mín) samtöl a.m.k fjórum sinnum á hverju starfsári.

¹⁴ Strax að lokinn heimsókn í kennslustund veitir stjórnandi endurgjöf til kennara.

